

M-104/2010 Álit 30. september 2010

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. september 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-104/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 18. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaup vegna galla sem hann segir hafa komið fram á rafal bifreiðarinnar A sem hún hafi keypt af bílasölu Y 28. júlí 2009. Álitsbeiðandi gerir kröfu til þess að seljandi greiði kostnað við kaup á nýjum rafal og ísetningu hans að fjárhæð kr. 89.928.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 18. ágúst sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau 31. ágúst. Með bréfi, sama dag, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær 7. september. Með bréfi, dags. 24. september sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að bifreiðin A sé af gerðinni og hafi verið fyrst skráð í september 2006. Álitsbeiðandi hafi keypt hana 28. júlí 2009 en henni hafi þá verið ekið um 42.000 km. Síðan segir orðrétt í álitsbeiðninni:

„Hinn 5. júlí er ofangreindri bifreið var ekið rétt við heimili mitt kviknaði skyndilega rautt hleðsluljós í mælaborði hennar. Við skoðun kom í ljós að rafall var ónýtur, en bifreiðinni hafði þá verið ekið um 53 þús. km. Nýr rafall með ísetningu kostaði kr. 89.928. Með vísan til 27. gr. laga um neytendakaup nr. 48.2003 krafðist beiðandi í tölvupósti hinn 25. júlí sl. að gagnaðili greiddi hinn nýja rafal ásamt ísetningu, þar sem ábyrgð á hlut þeim sem hér um ræðir sé 5 ár.

Af hálfu gagnaðila var því hafnað hinn 30. júlí sl. á þeim rökum að rafall gæti bilað hvenær sem væri á líftíma bílsins og of langt væri liðið frá kaupsamningi. Ekki kom þó fram við hvaða tíma á hér að miða við. Af svarinu má þó vera ljóst að gagnaðili telur að rafall falli ekki undir 5 ára ábyrgð bifreiðarinnar.

[...]

Telja verður að ábyrgðartími rafals sé 5 ár skv. ofangreindri 27. gr. laga um neytendakaup, þar sem endingartími hans verður að teljast mun lengri en almennt gerist um söluhluti.“

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir m.a. eftirfarandi:

1. Umrædd bifreið, A, er af gerðinni, nýskráð 6. september 2006. Álitsbeiðandi kaupir bifreiðina af Y þann 28. júlí 2009. Þá var bifreiðin tæplega þriggja ára og ekin 42.000 km. Ásett verð var 2.680.000 kr. en kaupverð álitsbeiðanda 1.820.000 kr.
2. Í júlí sl. verður bilun í bifreiðinni sem rakin er til rafals og lætur álitsbeiðandi skipta um hann hjá Z. Krafa álitsbeiðanda er að fá umræddan viðgerðarkostnað kr. 89.928 m/vsk endurgreiddan frá Y.
3. Y hafnar því að umrædd bilun, sem upp kemur ári eftir viðskipti með notaðan bíl, falli undir skilgreiningu um leyndan galla, eða að þessum íhlut bifreiðarinnar sé ætlaður verulega lengri líftími en um söluhlut almennt gerist. Utanaðkomandi þættir eins og t.d. óvænt álag vegna rangrar tengingar rafmagnskapla á milli bifreiða, vatn eða snjó getur valdið skemmdum á rafali og útilokað er að fullyrða að galli hafi verið í þessum hlut við kaup álitsbeiðanda á bifreiðinni fyrir ári síðan.

Samantekt:

Y hafnar alfarið ábyrgðarkröfu álitsbeiðanda á rafal bifreiðarinnar A. Íhlutum bifreiða er ekki ætlaður lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti. Umhirða, umgengni, notkun eða notkunarleysi hefur mjög mikil áhrif á endingu bifreiða og íhluta þeirra ásamt því að viðhald og endurnýjun slithluta/álagshluta er eðlilegur þáttur í rekstri bifreiða.“

V

Athugasemdir álitsbeiðanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda segir m.a. að kaupverð bifreiðarinnar komi þessu máli ekki við. Hefði bilunin orsakast af rangri tengingu rafmagnskapla hefði hún strax komið fram og gera verði þær kröfur að rafall þoli veður og vinda á hér á landi. Ólíklegt sé að bilunin sé um að kenna snjó eða vatni en síðasti vetur hafi verið óvenju mildur. Umgengi um bifreiðina og notkun hennar hafi verið með eðlilegum hætti og farið hafi verið með hana í reglubundna eftirlitsskoðun og ekkert óeðlilegt komið fram. Því sé algerlega hafnað að bilunin sé sök álitsbeiðanda. Nærtækasta skýringin sé sú að rafallinn hafi ekki uppfyllt gæðakröfur.

VI

Niðurstaða kærufndarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup, lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, en byggja verður á því að Y hafi atvinnu af því að selja notaða bifreiðir.

Við afgreiðslu þessa máls hefur kærufndin leitað álits sérfróðs aðila, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Óumdeilt er að álitsbeiðandi kvartaði undan galla í samræmi við ákvæði 27. gr. neytendakaupalaga.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreið álitsbeiðanda stendur m.a.: „Seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda. Bifreiðarsali hefur vakið athygli kaupanda á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins, sem staðfestist hér með.“ Álitsbeiðandi hefur reyndar ekki undirritað þessi ákvæði kaupsamningsins og afsalsins eins og gert er ráð fyrir á eyðublaðinu.

Að áliti kærunefndarinnar er hér um að ræða kaup á hlut sem seldur er í því ástandi sem hann er á kaupdegi enda þótt það sé ekki beinlínis tekið fram í kaupsamningi og afsali og falla kaupin því undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu notaðra hluta á almennum markaði eða á uppboði. Í 1. mgr. þeirrar lagagreinar segir m.a.:

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. Ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti
- b. Fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c- lið 1. mgr. 16. gr.

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.

Að áliti kærunefndarinnar er rafall í bifreið viðkvæmur íhlutur og ekki sé hægt að byggja á því að ástand hans hafi á kaupdegi verið verra en búast mátti við miðað við aldur og notkun bifreiðarinnar á þeim tíma, sbr. ákvæði a-liðar 17. gr. Gera verður ráð fyrir því að íhlutur sem þessi geti bilað af ýmsum ástæðum án þess að bilunin verði rakin til framleiðslugalla.

Í 1. mgr. 16. gr. er annars vegar í b-lið kveðið á um svokallaða leynda galla, þ.e. galla sem seljandi vissi um við kaup, en lét ógetið við kaupanda, og hins vegar þegar seljandi gefur rangar upplýsingar um söluhlutinn, þ.e. ef söluhluturinn svarar ekki þeirri lýsingu sem seljandi hans gefur á honum.

Í því tilviki sem hér um ræðir fóru kaup á bifreið álitsbeiðanda fram 29. júlí 2009 og var bifreiðin því tæplega þriggja ára og hafi verið ekið 42.000 km. Þegar rafallinn gaf sig 5. júlí 2010 eða tæpu ári eftir kaupin og hafði bifreiðinni þá verið ekið um 53.000 km. Kærunefndin telur að ekki sé hægt að byggja á því að íhlutur eins og rafall sem bilar eða verður ónýtur einu ári eftir kaup, þá nær 4ra ára gamall, hafi verið haldinn leyndum galla við kaupin eða hafi frá upphafi verið haldinn framleiðslugalla, nema um það liggi fyrir óyggjandi sönnun sem ekki er í því tilviki sem hér um ræðir. Þá er ekki upplýst að seljandi hafi gefið neinar sérstakar upplýsingar um rafalinn við kaupin og því er álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi geti ekki gert kröfur á hendur seljanda á grundvelli þeirrar lagagreinar. Af þessum ástæðum telur kærunefndin ekki forsendur fyrir því að taka til greina kröfur álitsbeiðanda á hendur Y.

Kærunefndinni þykir rétt að benda á, vegna þess sem kemur fram í álitsbeiðni að ábyrgðartími rafals sé 5 ár samkvæmt 27. gr. laga um neytendakaup, að í þeirri lagagrein er ekki kveðið á um ábyrgð á göllum í sjálfu sér heldur fresti til handa kaupanda til þess að bera fyrir sig galla við seljanda sem er mismunandi langur eftir því um hverja söluhluti er að ræða. Um galla og ábyrgð á þeim er kveðið á í öðrum greinum laganna, t.d. 15. 16. og 26. gr. Kvartu kaupandi ekki innan þeirra fresta sem kveðið er á um í 27. gr. tapar hann

hins vegar rétti gagnvart seljanda enda þótt leitt hafi verið í ljós að galli hafi verið á söluhlutum, sbr. ákvæði 4. mgr. 27. gr. Þar sem kærufndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið leitt í ljós að rafallinn hafi verið gallaður í skilningi neytendakaupalaga og kvörtun seljanda barst skömmu eftir að rafallinn bilaði skiptir í sjálfu sér ekki máli hvort kvörtunarfrestur vegna galla á honum er 2 eða 5 ár.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er það álit kærufndarinnar að hafna verði kröfum álitsbeiðanda.

VII

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Ólafur R. Guðmundsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir